

Reglur um sérstök sumarstörf hjá Dalvíkurbyggð

1. Reglur þessar gilda um ungmenni með lögheimili í Dalvíkurbyggð á aldrinum 16-18 ára. Markmiðið er að bjóða þeim sem einhverra hluta vegna geta ekki unnið aðra vinnu og eiga ekki rétt á vinnu í vinnuskóla Dalvíkurbyggðar, tækifæri til vinnu eða ástundun á sinni íþrótt eða tómstund.
2. Skilyrði fyrir samþykki í „sérstakt sumarstarf“ er háð fjármagni sem vinnuskóli Dalvíkurbyggðar hefur til umráða. Sé svigrúm þegar skráning nemenda (8.,9 og 10. bekk) í vinnuskóla liggur fyrir getur íþrótt- og æskulýðsfulltrúi í samráði við sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og forstöðumann vinnuskóla samþykkt sérstakt sumarstarf fyrir viðkomandi, uppfylli sá skilyrði sem sett eru í reglum þessum. Að öðrum kosti þarf að óska eftir auknu fjármagni til verkefnisins til byggðaráðs Dalvíkurbyggðar.
3. Afreksaðilar í íþróttum geta sótt um styrk sem nemur launum ef þeir íþróttar sinnar vegna að geta ekki sinnt almennri vinnu yfir sumartímamann enda sé viðkomandi við keppni meirihluta sumars. Gerður skal sérstakur samningur við hvern aðila þar sem aðstæður geta verið mismunandi.
4. Aðilar sem taka þátt í menningar-, og æskulýðstengdum verkefnum eða þátttöku í öðrum afreksverkefnum, t.d. fyrir Íslands hönd geta einnig sótt um sbr. lið 3.
5. Ef viðkomandi er að hluta til í vinnu við verkefni hjá Dalvíkurbyggð skal ávallt greiða laun fyrir þá vinnu, af launalykli, annars af styrktar bókhaldslykli eða samkvæmt lið 3 og 4.
6. Ráðningartímabil verður aldrei lengra en vinnutímabil vinnuskóla Dalvíkurbyggðar. Jafnframt skal leytast við að ungmennið vinni sem mestan hluta við hefðbundna vinnu þegar því verður við komið. Komi til þess að viðkomandi vinni hjá Dalvíkurbyggð skal hann vinna í vinnuskólanum undir handleiðslu flokksstjóra vinnuskólans samkvæmt lið 1.3.4 um 17 ára nemendur vinnuskólans í karasamningi við Kjöl.
7. Laun skulu greidd eftir samkomulagi við Kjöl sbr. lið 1.3.4. í kjarasamningi um 17 ára nemendur vinnuskóla. En þar segir:
Við sérstakar aðstæður þegar nauðsynlegt getur verið að grípa til úrræða vegna atvinnuástands, geta sveitarfélög gefið ungmennum sem ná 17 ára aldri á almanaksárinu kost á vinnuskóla. Sveitarfélag þarf að gera um þetta tímabundið samkomulag við viðkomandi stéttarfélag þar sem fram kemur vinnufyrirkomulag og launakjör.
8. Dalvíkurbyggð áskilur sér rétt á til að breyta reglum þessum án fyrirvara.
9. Reglur þessar gefa einstaklingum sem falla að reglum þessum, ekki sjálfkrafa rétt á vinnu eða styrk vegna þessa. Eiga þessar reglur eingöngu við í undantekningartilfellum. Sé aðili í



DALVÍKURBYGGÐ

samskonar stöðu, eldri en 18 ára tekur fjármagn vinnuskóla ekki til þess. Óski viðkomandi samt sem áður eftir styrk þarf Byggðaráð Dalvíkurbyggðar að taka ákvörðun um slíkt.

Samþykkt á 68. fundi íþróttá- og æskulýðsráðs Dalvíkurbyggðar þann 5. maí 2015.

Samþykkt á 270. fundi sveitarstjórnar þann 19. maí 2015.